

MENNINGAR- OG SAFNANEFND

FUNDUR – 2. febrúar 2005

Fundur haldinn í menningar- og safnanefnd miðvikudaginn 2. febrúar 2005 í Kvennaskólanum kl. 20:00.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá.

1. Matur og menning 2005.
2. Samstarf við USAH (drög).
3. Hillebrandshús (framkvæmdir).
4. Hafíssafn.
5. Veðurathugunartæki.
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Stefnt er að því að hátíðin Matur og menning verði sett á föstudegi, 15. júlí kl. 18,00 og er sú tímasetning ca. tveimur tímum seinna en verið hefur. Að öðru leyti er dagskráin ekki fullmótuð þann dag.
2. Lögð voru fram drög um að samstarf yrði við USAH, að framkvæmdastjóri þess starfi með nefndinni við undirbúning hátíðarinnar.
3. Ákveðið var að stefna að því að koma upp snyrtiaðstöðu í Hillebrandtshúsi og formanni falið að koma því áfram til skipulags- og byggingarnefndar.
4. Haft hefur verið samband við Þór Jakobsson veðurfræðing sem er áhugamaður um hafíssafn á Blönduósi. Það er mikill vilji hjá okkur í nefndinni að því verði fylgt eftir hvort grundvöllur sé fyrir því að koma slíku safni fyrir í Hillebrandtshúsi.
5. Einnig væri áhugavert að koma fyrir veðurathugunartækjum í og við Hillebrandtshús en þessi tæki eru til á Blönduósi og hafa verið þar í notkun.
6. Önnur mál voru ekki á dagskrá.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Hlíf Sigurðardóttir
Valdimar Guðmannsson

Sigríður Helga Sigurðardóttir